

Hvað er lýðræði/barnalýðræði?

Fyrirlestur

Fimmtudaginn 27. janúar 2012

Gunnar E. Finnbogason

Í námskrám, almennum hluta, fyrir öll skólastigin segir m.a.:

„Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.“ einnig *„Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins.“*

Lýðræðislegt samfélag grundvallast á þrem mikilvægum þáttu:

- Lýðræðislegum stofnunum
- Lýðræðislegum leiðtogum
- Lýðræðislegum samfélagsborgurum

Hvað er lýðræði? (1)

- Lýðræðishugtakið er notað á marga vegu og í ólíku samhengi. Hugtakið er túlkað á mismunandi vegu og hefur því mismunandi merkingu. Sá skilningur sem lagður er í hugtakið ræðst af hinu félagslega-, hugmyndafræðilega-, sögulega og menningarlega samhengi þar sem umræðan fer fram.

Hvað er lýðræði? (2)

- Hægt er að líta á lýðræði bæði sem stjórnunarform og einnig sem samskiptaform þ.e.a.s. ákveðinn hátt á að lifa saman.
- Lýðræðið er því ákveðinn lífsmáti sem grundvallast á samvinnu og samskiptum einstaklinga.
- Lýðræðið verður að læra.

Lýðræðislegur mannskilningur (1)

- Grundvallar þættir í lýðræðislegum mannskilningi fela í sér siðferðilega vídd. Til að styðja þessa fullyrðingu að lýðræðið sé tengt siðferðinu (moral) nægir að vísa í sjálfa stjórnarskránnu. Þar kemur fram að allir hafa *sama gildi* og bera skuli *virðingu* fyrir öllum manneskjum.
- Lýðræðið greinir sig t.d. frá *nasisma*, þar sem einstaklingar hafa mismunandi gildi og „rasisma“ (kynþáttafordómar) þar sem gildi einstaklinga er mismunandi eftir kynþætti.

Lýðræðislegur mannskilningur (2)

Lýðræðislegur mannskilningur samanstendur af eftirfarandi þáttum:

sama gildi: Allar manneskjur hafa sama gildi.

einstakt gildi: Hver manneskja er einstök – það kemur enginn í staðinn.

eigið gildi: Einstaklingur hefur gildi í sjálfum sér. Enginn hefur rétt á að nota annan einstakling sem tæki til að ná settu marki.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

- Í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011, bls. 11) segir: „... virkt lýðræði þrífst aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar jafnrétti milli einstaklinga og hópa í samfélaginu.“ einnig „Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins.“ Hér er lögð áhersla á jafnrétti, gagnrýna hugsun og ígrundun. Þannig tengjast lýðræðið og mannréttindin.“

Markmið og inntak Barnasáttmálans má draga saman í fjóra grundvallar þætti. Þessir þættir eru:

- Hvert barn á rétt á *vernd* gegn hvers konar *mismunun* (2. gr.).
- Það sem *barninu er fyrir bestu* á að ráða ferð við allar ákvarðanir sem teknar eru varðandi velferð þess (3. gr.).
- Réttur barns til *lífs og þroska* skal tryggður (6. gr.).
- Barnið á rétt á því að láta *skoðanir* sínar í ljós í öllum málum er það varðar (12. gr.).

Mikilvægi Barnasáttmálans

Það var mikið framfara mál fyrir öll börn í heiminum þegar Barnasáttmálinn var saminn og samþykktur. Með honum var slegið fast að réttindi barna væru alþjóðleg, að börn hefðu réttindi og að fullorðnir viðurkenni og virði að fullu gildi og friðhelgi barna. Samtímis þessu er það viðurkennt að barn þurfi á sérstakri vernd og stuðningi að halda.

Samfélagslegt hlutverk skólans

Skólinn er ekki hlutlaus því hann miðlar ákveðnum gildum. Í námskrám er hlutverk skólans skilgreint og þar eru tilgreind þau gildi sem skólanum er ætlað að standa vörð um. Þetta þýðir að starfsfólki skólans er bundið af því að miðla þessum gildum í skólastarfinu og taka afstöðu gegn þeim þáttum sem stríða gegn þeim. Ekki er veittur neinn afsláttur í þessum efnum.

Lýðræðislegur samfélagsborgari

Að vera lýðræðislegur borgari felur í sér að læra að lifa saman í lýðræði. Í skólanum, á öllum skólastigum, eiga börn og unglingar að læra að lifa saman sem einstaklingar sem virða sjálfa sig og hvert annað. Skólinn á því að skapa aðstæður þar sem nemendur geta tileinkað sér hæfni og þekkingu sem þeir geta síðan beitt í samfélaginu sem samfélagsborgarar. Skólinn er vettvangur þar sem nemendur skapa merkingu í tilveruna, þróa hana og prófa. Hlutverk kennarans í þessu samhengi er að leiðbeina nemendum og skapa frjóan jarðveg og aðstæður þar sem gætt er virðingar hvers og eins og réttlætis.